


Downloadkey

For easy data handling



www.siemensvdo.com

Notkunarleiðbeiningar

Upplýsingunum í þessari handbók kann að vera breytt án fyrirvara og eru þær ekki skuldbindandi fyrir Siemens VDO Trading GmbH. Efni handbókarinnar byggist á þeim upplýsingum sem lágu fyrir þegar bókin fór í prentun. Breytingar á tæknilegum atriðum gagnvart lýsingum, upplýsingum og myndum í þessum notkunarleiðbeiningum eru áskildar.

Siemens VDO Trading GmbH undanskilur sig allri ábyrgð á villum í forritum sem og á röngum upplýsingum í handbókinni og þeim afleiðingum sem þær kunna að hafa.

Windows er vörumerki Microsoft® Corporation.

Microsoft Internet Explorer® er vörumerki Microsoft® Corporation.

Java® er vörumerki Sun Microsystems Inc.

Acrobat® er vörumerki Adobe Systems Incorporated.

Hér á eftir verða vörumerki notuð að hluta án þess að eigenda þeirra sé sérstaklega getið.

© by Siemens VDO Trading GmbH. Öll réttindi áskilin.

Ábyrgð á efni ber

Siemens VDO Trading GmbH

Postfach 16 40

78006 Villingen-Schwenningen

Germany

Vefslóð <http://www.siemensvdo.com>

Netfang tachograph@vdo.com

Yfirlit yfir breytingar

Dagsetning	Kafli/ bls.	Efni, breyting, ráðstöfun
12.03.2007	<ul style="list-style-type: none">• <i>bls. 1–23</i>• <i>bls. 1–29</i>• <i>bls. 1–38</i>	Endurrunnið frá grunni; ber þar helst að nefna: <ul style="list-style-type: none">• merkingu niðurhalsskráa sem hefur verið eytt eða hafa verið færðar,• leiðbeiningar um viðgerð á hugbúnaðinum,• notkun lykilorðatólsins.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Innifalið	2
Yfirlit yfir Downloadkey	2
Stýrikerfi og búnaður	3
Skilyrði fyrir notkun	3
Gögnum hlaðið niður af stafræna ökuritanum	4
Tenging við tölvu	7
KeyConfiguration og KeyConfigurator	9
Uppsetning á KeyConfiguration og TIS-Compact	9
Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað	12
Stillingar	16
Gögn úr stafræna ökuritanum	16
Venjulegar stillingar	18
Ökutækisstillingar	22
Umsjón með minni	24
Yfirlit	24
Skýrsla	28
Gert við hugbúnaðinn	30
Annar hugbúnaður	37
Uppsetning á hugbúnaði	37
Lykilorðatólið	39
Acrobat/Adobe Reader	42
Hugbúnaðurinn fjarlægður	43
Upplýsingar um tækið	44
Tæknilegar upplýsingar	44
Samræmisyfirlýsing	44
Snið skráaheita	45
Skráaheiti í öðrum Evrópuríkjum	46
Skráaheiti í Frakklandi	47
Skráaheiti á Spáni	48

Inngangur

Siemens VDO Downloadkey er tilvalinn miðill til að hlaða niður eða geyma gögn úr minni stafræna ökuritans eða af ökumannskorti. Með lyklinum er þægilegt og einfalt að hlaða niður gögnum og þar sem hann fær rafmagn utan frá er hann alltaf tilbúinn til notkunar.

Tvö tengi

Á Downloadkey eru tvö tengi:

- Á annarri hliðinni er 6 pinna raðtengi fyrir niðurhal, sem er samhæft við alla stafræna ökurita.
- Á hinni hliðinni er USB 2.0-tengi, en með því er hægt að flytja gögn yfir á tölvu með fljótlegum og öruggum hætti.

Geymslurými

Á Downloadkey er u.þ.b. 12 MB laust geymslurými. Með því er hægt að vista eða geyma u.þ.b. 50 ársfjórðungsleg eða 15 árleg niðurröð.

Ljósmerki

Á Downloadkey eru tvær ljósdíóður sem sýna stöðu gagnaflutnings og hversu mikið minni er laust.

Tvær útfærslur

Downloadkey kemur í tveimur mismunandi útfærslum: Annars vegar í grunnútfærslu og hins vegar sem TIS-Compact Downloadkey með frekari möguleikum fyrir safnvistun og myndræna framsetningu gagna sem hlaðið hefur verið niður. Lýsingu á þessum möguleikum er að finna í bæklingnum sem fylgir með TIS-Compact Downloadkey.

Stillanlegur

Stillingarhugbúnaðurinn KeyConfiguration eða KeyConfigurator fylgir með báðum útfærslum en með honum er hægt að velja mismunandi stillingar fyrir niðurhal, t.d. til að hlaða niður gögnum af ökumannskorti með stafrænum ökurita og geyma þau.

Notkunarvið

Báðar útfærslur Downloadkey eru ætlaðar fyrir stafræna ökurita með 12 V og 24 V spennu. Fyrir bílaflota, ökumenn, verkstæði og yfirvöld er hann því tilvalinn miðill fyrir niðurhal gagna, gagnaflutning og safnvistun.

Gagnavernd

Öryggi gagna er tryggt því með lykilorðatólinu er hægt að hindra óviðkomandi aðgang að gögnum sem hlaðið hefur verið niður.

Tilbúinn til notkunar

Þar sem Downloadkey er forstilltur í verksmiðju er strax hægt að hlaða niður gögnum af stafræna ökuritanum.


Við vonum að Downloadkey muni koma að góðum notum.
Með kveðju, Siemens VDO Trading GmbH
Sölufyrirtæki Siemens VDO Automotive AG

Innifalið



- 1 Geisladiskur með uppsetningarskrá fyrir KeyConfiguration/TIS-Compact, uppsetningarskrám fyrir annan hugbúnað og leiðbeiningum.
- 2 Downloadkey með KeyConfiguration.
- 3 USB-framlengingarsnúra með kló (gerð A) á tengli (gerð A).

Yfirlit yfir Downloadkey



- | | |
|--------------------------------------|------------------------------|
| 1 6 pinna niðurhalstengi | 4 Lok fyrir USB-tengi |
| 2 Lok fyrir niðurhalstengi | 5 USB 2.0-tengi (gerð A) |
| 3 Ljósdióða 1 – Staða gagnaflutnings | 6 Ljósdióða 2 – Staða minnis |



Athugið

Gætið þess að setja lokin á tengin þegar þau eru ekki í notkun, til að verja þau fyrir skemmdum.

Stýrikerfi og búnaður

Svo hægt sé að nota Downloadkey með KeyConfiguration eða TIS-Compact Downloadkey með KeyConfigurator þarf tölvan að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Eining	Skilyrði
Stýrikerfi	<ul style="list-style-type: none">• Microsoft Windows[®] 98 Second Edition• Microsoft Windows[®] 2000 frá Service Pack 4• Microsoft Windows[®] XP með nýjasta Service Pack
Tengi	1 laust USB 2.0-tengi
Hugbúnaður	Microsoft Internet Explorer útgáfa 5.0 eða nýrri fyrir KeyConfiguration eða TIS-Compact



Athugið

Ef Windows 98[®] Second Edition er notað þarf e.t.v. að setja USB-rekilinn upp á tölvunni.

Skilyrði fyrir notkun

Vinnuumhverfi

Til þess að einnig sé hægt að ræsa hugbúnaðinn KeyConfiguration eða TIS-Compact beint af tengdum Downloadkey verður vinnuumhverfið (Java Runtime Environment og reklar) að vera uppsett á tölvunni.

Vinnuumhverfið er sjálfkrafa sett upp á tölvunni um leið og hugbúnaðurinn.

Lykilorðatólið

Ef niðurhalsskrár hafa verið varðar með lykilorðatólinu verður að ræsa tólið og slá inn lykilorð til að geta notað Downloadkey og gögnin sem á honum eru.



Ábending

Ef Downloadkey er notaður reglulega til að hlaða niður og safna gögnum um ökutæki er einnig hægt að nota lykilorðatólið sem bakgrunnsforrit (gefið til kynna með tákni á skilaboðasvæði verkstikunnar). Er þá sjálfkrafa beðið um lykilorð í hvert sinn sem vörðum Downloadkey (báðum útfærslum) er stungið í samband.

Lýsing á því hvernig lykilorðatólið er notað sem bakgrunnsforrit, sjá *kaflann „Lykilorðatólið“ frá bls. 38.*

Gögnum hlaðið niður af stafræna ökuritanum



Með Downloadkey (báðum útfærslum) er hægt að hlaða niður

- öllum gögnum úr minni stafræna ökuritans (í mesta lagi **365 dögum**),
- gögnum úr minni ökuritans sem takmarkast við tiltekinn tíma eða efni, sem og
- öllum gögnum af ökumanskorti sem stungið er í ökuritann (gögn ökumanns í u.þ.b. **28 daga**).

Nánari upplýsingar um þetta atriði, sjá *kaflann „Stillingar“* frá bls. 15.



Skilyrði

Svo hægt sé að hlaða niður gögnum verður gilt ökuritakort sem veitir nauðsynleg réttindi að vera í stafræna ökuritanum.

Gild ökuritakort eru eftirlitskort, fyrirtækiskort eða verkstæðiskort; sjá einnig yfirlit yfir leyfilegar samsetningar á bls. 6.



Athugið

Þegar gögnum er hlaðið niður af stafræna ökuritanum eða af ökumanskorti er aðeins gert afrit af þeim. Að loknu niðurhali eru öll gögn áfram óbreytt í minni stafræna ökuritans, óháð því með hvaða miðli þeim er hlaðið niður.

Ekki er hægt að endurskrifa gögn í minni ökuritans eða á ökumanskortið.

Með eftirfarandi hætti er gögnum hlaðið niður af stafrænum ökurita á Downloadkey:

1 Stungið ökuritakortinu í kortaraufina.

Yfirlit yfir leyfilegar samsetningar ökuritakorta í kortarauf-1 og kortarauf-2 er að finna á bls. 6.

2 Opnið lokið á niðurhalstenginu á ökuritanum með því að ýta því til hægri.

3 Takið lokið (grátt) af 6 pinna tenginu á Downloadkey.

4 Stungið 6 pinna tenginu í niðurhalstengi ökuritans.

Um leið og Downloadkey hefur verið stungið í samband loga báðar ljósdíóðurnar í rauðgulum lit (í u.þ.b. fimm sekúndur). Þegar niðurhalið hefst blikkar ljósdíóða 1 í rauðgulum lit og ljósdíóða 2 logar í grænum lit; sjá bls. 6.

Báðar ljósdíóðurnar eru sjáanlegar í gegnum glært lok USB-tengisins.



Varúð

Meðan á gagnaflutningi stendur má alls ekki taka Downloadkey (báðar útfærslur) úr niðurhalstenginu: Við það geta skrárnar sem hlaðið er niður og stillingaskrárnar eyðilagst. Bíðið alltaf þar til gagnaflutningnum lýkur. Þetta á við hvort sem gagnaflutningurinn tókst (ljósdíóða 1 logar í grænum lit) eða mistókst (ljósdíóða 1 logar í rauðum lit).

Ljósdíóða 1 logar í rauðum lit

Ef ljósdíóða 1 logar í rauðum lit hefur mistekist að hlaða niður gögnunum. Endurtakið gagnaflutninginn með því að taka Downloadkey úr niðurhalstenginu og stinga honum aftur í samband.

Báðar ljósdíóðurnar loga í rauðum lit

Ef báðar ljósdíóðurnar loga í rauðum lit er ekki hægt að hlaða niður gögnum fyrr en aðrar skrár en niðurhalskrár hafa verið færðar af Downloadkey yfir á tölvu eða annan gagnamiðil til geymslu; sjá *kaflann „Yfirlit“ frá bls. 23.*



Athugið

Athugið að ef ekkert kort er í DTCO slokknar á ljósdíóðunum eftir nokkrar sekúndur, en á Stoneridge-ökuritanum blikka þær í stutta stund og loga svo í rauðum lit.

Tímalengd niðurhals

Ef hlaða á niður miklu gagnamagni getur það tekið dálitla stund. Ef öllum gögnum úr minni ökuritans er hlaðið niður ársfjórðungslega getur það t.d. tekið meira en 30 mínútur.

Skráning í minni

Stafræni ökuritinn vistar hvert árangursríkt niðurhal með fyrirtækiskorti, eftirlitskorti eða verkstæðiskorti í minninu ásamt dagsetningu og tíma sem og tilvísun í ökuritakort.

5 Þegar gagnaflutningnum er lokið skal taka Downloadkey úr niðurhalstenginu og setja lokið aftur á.

6 Einnig er mikilvægt að niðurhalstenginu á stafræna ökuritanum sé lokað aftur.

Merking boða frá ljósdíóðu 1 – Staða gagnaflutnings yfir á Downloadkey

Litur	Merking
Rauðgul, blikkar	Verið er að flytja gögn af stafræna ökuritanum yfir á Downloadkey
Græn	Niðurhalið tókst
Rauð	Niðurhalið mistókst

Merking boða frá ljósdíóðu 2 – Staða minnis í Downloadkey

Staða/litur	Merking
Græn	Í mesta lagi 60 % minnisins eru í notkun
Rauðgul	60 % – 90 % minnisins eru í notkun
Rauð	Yfir 90 % minnisins eru í notkun

Leyfilegar samsetningar ökuritakorta

		Kortarauf-2				
		Ekkert kort	Ökumannskort	Eftirlitskort	Fyrirtækiskort	Verkstæðiskort
Kortarauf-1	Ekkert kort	■	■	✓	✓	✓
	Ökumannskort	■	■	✓	✓	~
	Eftirlitskort	✓	✓	~	~	~
	Fyrirtækiskort	✓	✓	~	~	~
	Verkstæðiskort	✓	~	~	~	~

- Skýring á táknum
- Leyfileg samsetning (almennt)
 - ✓ Leyfileg samsetning (með flutningi yfir á Downloadkey)
 - ~ Óleyfileg samsetning sem leiðir til áreksturs milli korta



Ábending

Ef flytja á gögn af fleiri en einu ökumannskorti yfir á Downloadkey (báðar útfærslur) er hægt að breyta stillingu Downloadkey til samræmis. Þannig er komist hjá því að hlaða niður öllum gögnum úr minni ökuritans í hvert sinn; sjá einnig *kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17.*

Tenging við tölvu



Hægt er að tengja Downloadkey (báðar útfærslur) við tölvu á tvo vegu:

- Beint í laust USB 2.0-tengi eða
- með USB-framlengingarsnúru.

Með eftirfarandi hætti er Downloadkey tengdur við tölvu og tekinn úr sambandi:

Downloadkey tengdur

1 Tengid Downloadkey við tölvuna með því að

- tengja USB-framlengingarsnúruna (tengishliðina) við laust USB 2.0-tengi á tölvunni og stinga svo Downloadkey í hinn enda framlengingarsnúrunnar
- eða með því að stinga Downloadkey beint í laust USB 2.0-tengi á tölvunni.

Lögun USB-tengjanna að innan er þannig að aðeins er hægt að stinga þeim í samband í eina átt án þess að beita valdi.

Um leið og Downloadkey hefur verið stungið í samband loga báðar ljósdíóður hans í rauðgulum lit í skamma stund.

Allt eftir stýrikerfinu og stillingum í tölvunni og lykilorðatólinu

- birtist tilkynning um að borin hafi verið kennsl á nýja tækið – hægt er að staðfesta hana með [OK],
- er tákni fyrir nýja tækið bætt við verkstikuna (e. taskbar),
- er beðið um lykilorð fyrir aðgang að gögnunum á Downloadkey. Sláið lykilorðið inn og staðfestið með [OK].



Varúð

Alls ekki má taka Downloadkey úr sambandi við tölvuna á meðan gagnaflutningur fer fram. Þetta getur leitt til þess að gögnin verði ónothæf og að tölvan hrynni. Biðið alltaf þar til gagnaflutningnum lýkur.

Gagnaflutningur um USB-tengi tekur nokkrar sekúndur.

Gagnaflutningur til og frá Downloadkey er gefinn til kynna

- með því að báðar ljósdíóðurnar loga (í grænum lit) og
- með skyggðum reitum í flípanum **Yfirlit** ef gögn hafa verið færð til eða þeim eytt með því að hægrismella.

Sjá einnig *kaflann „Yfirlit“ frá bls. 23.*

Downloadkey útskráður

- 2 Þegar gagnaflutningnum er lokið skal útskrá Downloadkey á tölvunni með eftirfarandi hætti:
 - Ef táknið fyrir Downloadkey birtist í verkstikunni skal hægrismella á það, velja viðeigandi atriði og fjarlægja Downloadkey með öruggum hætti.
 - Ef táknið birtist ekki í verkstikunni skal hægrismella á drif Downloadkey í Windows Explorer og velja „Eject“.

Downloadkey fjarlægður

- 3 Takið því næst Downloadkey úr sambandi við USB-framlengingarsnúruna eða USB 2.0-tengi tölvunnar og setjið lokið aftur á hann.
- 4 Ef ekki á að vinna áfram með annan Downloadkey skal ganga þannig frá USB-framlengingarsnúrunni að tryggt sé að hún verði ekki fyrir skemmdum.



Ábending

Upplýsingar um tengingu á Downloadkey (báðum útfærslum) við Siemens VDO Downloadterminal eða Outdoor Terminal og niðurhal gagna er að finna í notkunarleiðbeiningum með þessum búnaði.

KeyConfiguration og KeyConfigurator

Með hugbúnaðinum sem fylgir með báðum útfærslum Downloadkey er að sjálfsgöðu hægt að stilla Downloadkey eftir þörfum og hafa umsjón með minni hans til samræmis við verkferla hverju sinni.

KeyConfiguration

- Ef um er að ræða grunnútgáfu Downloadkey fylgir KeyConfiguration með sem sjálfstæður hugbúnaður og er hann annað hvort settur upp á tölvu af geisladiski (sem fylgir með í sölupakkningu) eða notaður fyrirfram uppsettur á Downloadkey.

KeyConfigurator

- Ef um er að ræða TIS-Compact Downloadkey standa sömu möguleikar forritsins til boða í einni einingu, sem er KeyConfigurator.

TIS-Compact er einnig settur upp af meðfylgjandi geisladiski og hægt er að nota hann fyrirfram uppsettan á TIS-Compact Downloadkey.



Skilyrði

Svo hægt sé að nota KeyConfiguration eða TIS-Compact á tölvu eða ræsa hugbúnaðinn beint af Downloadkey þarf Java-umhverfi (Java Runtime Environment) sem er sett upp á tölvunni um leið og hugbúnaðurinn.



Athugið

Athugið að til þess að hægt sé að nota aðra hluta forritsins TIS-Compact, t.d. **KeyViewer**, verður TIS-Compact Downloadkey að vera tengdur.



Ábending

Leiðbeiningar um hvernig hugbúnaðurinn KeyConfiguration eða TIS-Compact er settur upp aftur á Downloadkey, til að mynda ef forritsskránum hefur verið eytt í ógáti, sjá *kaflann „Gert við hugbúnaðinn“ frá bls. 29.*

Upplýsingar um uppfærslur

Fylgist einnig reglulega með vefsíðu Siemens VDO á slóðinni „<http://dtco.siemensvdo.com>“. Þar er bæði að finna ýmsar áhugaverðar upplýsingar um stafræna ökuritann og hægt er að velja **Service & Support** til að sjá hvort nýjar uppfærslur séu í boði fyrir Downloadkey.

Uppsetning á KeyConfiguration og TIS-Compact



Skilyrði

Áður en hugbúnaðurinn er settur upp verður að ganga úr skugga um

- að tölvan uppfylli öll skilyrði (sjá *kaflann „Stýrikerfi og búnaður“ á bls. 3*) og
- að notandinn hafi kerfisstjóraréttindi eða leyfi til að setja upp hugbúnað á tölvunni.

KeyConfiguration / TIS-Compact er settur upp á tölvu með eftirfarandi hætti:

1 Til öryggis skal loka öllum öðrum forritum sem eru opin til að koma í veg fyrir villur við uppsetninguna.

Þetta á sérstaklega við um virk vírusvarnarforrit, en þar sem þau verða undir eins vör við breytingar á skránum getur komið til árekstra.

2 Setjið geisladiskinn sem fylgir með Downloadkey í geisladrifið á tölvunni.

Eftir að geisladrifið er lokað opnast upphafssíða geisladisksins sjálfkrafa, en á henni er boðið upp á þrjá valkosti til að smella á:

- Uppsetningu KeyConfiguration eða TIS-Compact á tölvunni („Setup“).
- Farið á aðra síðu til að velja og birta notkunarleiddbeiningar á þeim tungumálum sem standa til boða („Help“).
- Farið á sérstakan upplýsingavef Siemens VDO Automotive fyrir stafræna ökuritann („www“).



Ábending

Ef upphafssíðan birtist ekki sjálfkrafa er hægt að opna hana með því að fara í geisladrifsöppuna í Windows Explorer og smella á skrána **setup.exe**.



3 Smellið á „Setup“.

Uppsetningarforrit KeyConfiguration eða TIS-Compact er ræst og kannar uppsetningarumhverfið á tölvunni, en það getur tekið dálitla stund. Því næst opnast gluggi þar sem tungumálið er valið.

Tungumálið sem er valið er forstilling fyrir notkunarleiddbeiningarnar sem hægt er að opna í ræsivalmyndinni að lokinni uppsetningu.

Þegar KeyConfiguration er ræstur í fyrsta sinn er tungumál notendaviðmótsins sjálfkrafa stillt á tungumál tölvunnar, en hægt er að breyta þessari stillingu eftir þörfum (sjá einnig *hlutann „Tungumáli breytt“* frá bls. 21).

4 Veljið tungumál og staðfestið með [OK].

Forritið heldur uppsetningunni áfram. Framvindustikur sýna framvindu uppsetningarinnar.

Forritið er annað hvort sett upp

- í möppunni „C:\Program Files\KeyConfiguration\“ eða
- í möppunni „C:\Program Files\TIS-Compact“ á tölvunni.

Nýjum atriðum er bætt við í ræsivalmynd stýrikerfisins.

- Fyrir KeyConfiguration eru það færslurnar
 - „All Programs > KeyConfiguration > KeyConfiguration“ sem hægt er að nota til að ræsa forritið á tölvunni,
 - „All Programs > KeyConfiguration > Password“ sem hægt er að nota til að ræsa lykilorðatólið og virkja það sem bakgrunnsforrit,
 - „All Programs > KeyConfiguration > Help“ til að opna notkunarleiddbeiningarnar á því tungumáli sem var valið við uppsetninguna.
- Fyrir TIS-Compact eru það færslurnar
 - „All Programs > TIS-Compact > TIS-Compact“ sem hægt er að nota til að ræsa forritið á tölvunni,
 - „All Programs > TIS-Compact > Password“ sem hægt er að nota til að ræsa lykilorðatólið og virkja það sem bakgrunnsforrit,
 - „All Programs > TIS-Compact > Help“ til að opna notkunarleiddbeiningarnar á því tungumáli sem var valið við uppsetninguna, og
 - „All Programs > TIS-Compact > Booklet“ til að opna stutt yfirlit yfir alla notkunarmöguleika TIS-Compact Downloadkey.

Þegar uppsetningunni er lokið birtist tilkynning um að hún hafi farið rétt fram.

5 Staðfestið tilkynninguna með [Done].

Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað

Hægt er að ræsa KeyConfiguration eða TIS-Compact með forritshlutanum KeyConfigurator af Downloadkey eða tölvunni.



Skilyrði

Svo hægt sé að nota KeyConfiguration eða TIS-Compact á tölvunni þarf

- Internet Explorer, sjá *kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7*, og
- Java-umhverfi (Java Runtime Environment), sjá *kaflann „Skilyrði fyrir notkun“ á bls. 3*.



Athugið

Til þess að hægt sé að nota KeyConfiguration eða TIS-Compact með Internet Explorer verður Java-umhverfið að vera virkjað til að keyra viðkomandi forrit.

Það er gert með því að ræsa Microsoft® Internet Explorer, opna valmyndina **Tools** og velja þar **Internet Options**, flipann **Security**, velja svo **Internet** og smella á hnappinn [Custom level...] til að virkja viðkomandi færslur fyrir Java-umhverfið.

KeyConfiguration eða TIS-Compact er ræstur með eftirfarandi hætti:

- 1 **Tengið þann Downloadkey sem vinna á með við tölvuna eftir að hún er ræst.**

Sjá *kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7*.



Athugið

Ef þessi Downloadkey hefur verið varinn með lykilorði þarf að gera eftirfarandi til að hægt sé að nota hann:

- Ræsið lykilorðatólið og hafið það virkt sem bakgrunnsforrit (í skilaboðasvæði verkstikunnar).

Að öðrum kosti er ekki hægt að nálgast gögnin á Downloadkey í Windows Explorer.

- Sláið inn lykilorðið og staðfestið með [OK].



Ábending

Ef aðeins hefur gleymst að ræsa lykilorðatólið er hægt að gera það hvenær sem er (með tákni í skilaboðasvæði verkstikunnar); sjá einnig *kaflann „Lykilorðatólið“ frá bls. 38*.

Í glugganum sem opnast skal slá lykilorðið inn og staðfesta með [OK]. Glugganum er þá lokað.

Forritið ræst

2 Ræsið hugbúnaðinn

- annað hvort útgáfuna sem er uppsett á tölvunni, með því að velja
> „[Start] > All Programs > KeyConfiguration“ fyrir KeyConfiguration
> eða „[Start] > All Programs > TIS-Compact “ fyrir TIS-Compact
- eða af Downloadkey, með því að opna drifið sem Downloadkey er tengt við tölvuna með í Windows Explorer og smella á „start.html“.

KeyConfiguration eða TIS-Compact opnast þá í vafranum.

Java öryggisupplýsingar

Allt eftir því hvaða stillingar voru valdar getur verið að gluggi með öryggisupplýsingum vegna Java birtist – svo framarlega sem hann hafi ekki verið gerður óvirkur (sjá næsta skref).

- **Veljið**
 - **[Yes] ef opna á fyrir aðgang að KeyConfiguration eða TIS-Compact aðeins í þetta eina skipti.**
Ef þessi valkostur er valinn birtist glugginn með Java öryggisupplýsingunum aftur þegar forritið er ræst í næsta sinn.
 - **[Always] ef opna á varanlega fyrir aðgang að KeyConfiguration eða TIS-Compact í þessari tölvu.**
Ef þessi valkostur er valinn birtist glugginn með öryggisupplýsingunum ekki aftur.

- **Staðfestið með [OK].**

Drifin sem hægt er að velja úr eru fundin og samsvarandi valgluggi birtist.

Leitað að Downloadkey

Glugginn „Select drive“ birtist þegar

- fleiri en einn Downloadkey er tengdur við tölvuna,
- mappan „DOWNLOAD“ er á rót eins af tiltæku drifunum, t.d. „C:\DOWNLOAD“, eða
- Downloadkey og samsvarandi mappa finnast ekki.

Birtist þessi gluggi ekki er hægt að fara beint í *skref 4*.



Ábending

Sé hægt að velja um fleiri en eitt drif og notandinn er ekki viss um hvert þeirra sé rétt, er hægt að ganga úr skugga um það í Windows Explorer. Heiti drifsins er „Downloadkey“ eða „Removable media“ (eins og í Windows® 2000).

Drif valið

3 Veljið drif Downloadkey, t.d. „E:\“, og staðfestið með [OK].

- Þegar KeyConfiguration hefur verið ræst birtist flipinn **Venjulegar stillingar**.
- Þegar TIS-Compact hefur verið ræst birtist flipinn **Yfirlit** í forritshlutanum **KeyViewer**.

Smellið á forritshlutann **KeyConfigurator** í yfirlitinu til að opna einnig flipann **Venjulegar stillingar**.

Tungumálsstillingin er sú sama og á stýrikerfinu; sjá einnig *hlutann „Tungumáli breytt“* frá bls. 21.



Athugið

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við um forritshlutann fyrir stillingar og umsjón með minni Downloadkey, sem og hugbúnaðinn KeyConfiguration eða KeyConfigurator í TIS-Compact. Hugbúnaðurinn er sá sami fyrir báðar útfærslur.

Lýsingu á forritshlutunum **KeyViewer** og **Archive** er að finna í bæklingnum með TIS-Compact; sjá einnig *kaflann „KeyConfiguration og KeyConfigurator“* frá bls. 9.

4 Ákveðið næstu skref með því að

- vinna með **venjulegar stillingar Downloadkey**,
Sjá *kaflann „Venjulegar stillingar“* frá bls. 17.
- vinna með **stillingar fyrir tiltekið ökutæki**,
Sjá *kaflann „Ökutækisstillingar“* frá bls. 21.
- vinna með **minni Downloadkey eða**
Sjá *kaflann „Yfirlit“* frá bls. 23.
- **birta skýrslu Downloadkey**.
Sjá *kaflann „Skýrsla“* frá bls. 27.

KeyConfiguration eða TIS-Compact er lokað með eftirfarandi hætti:

Forriti lokað

- Lokið forritinu með því að
 - velja „File > Close“ í valmynd vafrans
 - eða með því að smella á táknið [X] uppi í hægra horni vafragluggans.

Stillingar

Með stillingum Downloadkey (í báðum útfærslum) er hægt að tilgreina hvaða gögn hann afritar úr stafræna ökuritanum og vistar. Auk þess er hægt að velja að láta hann einnig hlaða niður gögnum af ökumanskorti sem stungið er í ökuritann (gögn 28 daga).



Ábending

Ef hlaða á niður öllum gögnum úr minni ökuritans fyrir tímabilið **Frá síðasta niðurrhali** er hægt að nota Downloadkey með óbreyttum grunnstillingum frá verksmiðju; sjá einnig *kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17*.

Hafi gögn úr stafrænum ökurita ekki verið vistuð á Downloadkey áður er öllum gögnunum hlaðið niður í fyrsta sinn sem lykkillinn er notaður (hám. 365 dagar).

Gögn úr stafræna ökuritanum

Með Downloadkey (báðum útfærslum) er hægt að hlaða niður öllum gögnum úr minni stafræna ökuritans eða gagnamengjum fyrir afmörkuð tímabil.



Athugið

Þegar gögnum er hlaðið niður af ökumanskorti er öllum gögnunum alltaf hlaðið niður (gögn 28 daga).

Minni ökurita

Í minni stafræna ökuritans eru vistaðar allar athafnir tengdar ökumanni og ökutæki fyrir allt að 365 daga tímabil ásamt færðum ökutækisins. Þessi gögn eru vistuð í svonefndum gagnamengjum (sjá næsta kafla).

Varðveisluskylda fyrirtækja

Í öllum aðildarríkjum ESB eru fyrirtæki skyldug til að hlaða **reglulega** niður gögnum úr **minni** stafræna ökuritans og varðveita þau í tiltekinn tíma.



Athugið

Notendum ber að fara að lögum í sínu landi.

Nánari upplýsingar um minni ökuritans er að finna í sérstökum notkunarleiðbeiningum með stafræna ökuritanum.

Gagnamengi

Með Downloadkey (báðum útfærslum) er hægt að hlaða niður markvisst tilteknum gagnamengjum af stafræna ökuritanum. Þau fela í sér eftirtalin gögn af stafræna ökuritanum eða ökumanskorti:

Gagnamengi	Stutt lýsing á innihaldi/umfangi gagna
Yfirlitsgögn ¹⁾	<ul style="list-style-type: none"> • Auðkennisnúmer ökutækis/grindarnúmer (VIN) • Skráningarnúmer (VRN) • Skráningarríki • Dagsetning þegar niðurhal fer fram (UTC-tími DTCO) • Fyrirtækislásar • Tími sem hægt er að hlaða niður frá • Tími sem hægt er að hlaða niður til • Síðasta niðurhal • Síðasta niðurhal framkvæmt af (auðkenni ökuritakorts)
Nákvæmur hraði	Hraði ökutækisins hverja sekúndu ásamt tilheyrandi upplýsingum um dagsetningu og tíma a.m.k. síðustu 24 tíma (í akstri)
Atvik og bilanir	<p>Atvik og bilanir sem stafræni ökuritinn nam og voru skráð samkvæmt viðeigandi reglum, m.a. með upplýsingum um upphaf og endi (dagsetningu og tíma), gerð og númer kortsins í ökuritanum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Atvik <ul style="list-style-type: none"> – Árekstur milli korta – Ekið án gilds ökumanskorts – Ökumanskorti stungið í á ferð – Gögn á ökumanskorti síðustu ferðar ófullnægjandi – Ekið á of miklum hraða – Straumrof – Bilun í nema (truflun í samskiptum við skynjara) – Brot á öryggisreglum • Villur og bilanir <ul style="list-style-type: none"> – Bilun í tæki – Bilun í nema (innri villa í skynjara) – Villa í tíma – Villa í birtingu á skjá – Villa við niðurhal gagna – Bilun í korti (truflun í samskiptum við ökuritakort)
Tæknilegar upplýsingar	<p>Innstilltar upplýsingar tengdar ökutækinu og stafræna ökuritanum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Auðkennisnúmer ökutækis/grindarnúmer (VIN) • Kennimerki ökurita • Kennimerki skynjarans • Kvörðunargögn • Upplýsingar um tímastillingu

Gagnamengi	Stutt lýsing á innihaldi/umfangi gagna
Athafnir	<ul style="list-style-type: none">Athafnir sem eiga við ökumann-1Athafnir sem eiga við ökumann-2
Niðurhal af korti ²⁾	Helstu upplýsingar á ökumannskorti í ökuritanum: <ul style="list-style-type: none">Upplýsingar um ökumannAthafnir ökumanns með upplýsingum um ökutæki sem er ekið og lönd við upphaf og lok vaktarAtvik og bilanir
Siemens VDO niðurhal ³⁾	Sérstakar skráningar í minni ökuritans, meðal annars fyrir: <ul style="list-style-type: none">HraðayfirlitSnúningshraðayfirlit (ef snúningshraðatölur eru tiltækar)Viðbótarupplýsingar

- Athugasemdir:
- 1) Yfirlitsgögnunum er alltaf hlaðið niður.
 - 2) Þegar ökumannskort er í ökuritanum er öllum gögnum af því hlaðið niður (u.þ.b. 28 dagar) ásamt gögnunum úr minni ökuritans; einnig er hægt að hlaða eingöngu niður gögnum af ökumannskorti.
 - 3) Þetta gagnamengi til viðbótar er m.a. að finna á stafrænum ökuritum frá Siemens VDO Automotive (DTCO 1381).



Athugið

Eftirfarandi eiginleikar stillingahugbúnaðarins eru bæði fyrir hendi í KeyConfiguration (grunnútgáfa) og í KeyConfigurator fyrir TIS-Compact.

Er því hægt að stilla Downloadkey með báðum þessum gerðum stillingahugbúnaðar.

Til þess að hægt sé að nota aðra forritshluta TIS-Compact, t.d. **KeyViewer** verður TIS-Compact Downloadkey að vera tengdur við tölvuna.

Venjulegar stillingar

Í flípanum **Venjulegar stillingar** í KeyConfiguration og KeyConfigurator (TIS-Compact) er hægt að gera eftirfarandi:

- Breyta tungumálinu fyrir notendaviðmótið, sjá frá *bls. 21*.
- Breyta sniði skráaheita; sjá einnig *káflann „Snið skráaheita“ frá bls. 44*.
- Tilgreina hvaða gögnum er hlaðið niður af stafrænum ökurita ef engar stillingar fyrir tiltekið ökutæki eru á Downloadkey; sjá einnig *káflann „Ökutækisstillingar“ frá bls. 21*.

Grunnstilling

Downloadkey kemur með eftirfarandi grunnstillingu frá verksmiðju:

- öll gagnamengi og
- tímabilið „Frá síðasta niðurhali“.



Ábending

Með þessari grunnstillingu er hægt að nota Downloadkey beint fyrir reglulega safnvistun gagna úr minni ökuritans, en það er t.d. lagaleg skylda fyrirtækja; sjá hlutann „Minni ökurita“ á bls. 15.

Venjulegum stillingum Downloadkey er breytt með eftirfarandi hætti:

1 Tengid Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).

Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.


2 Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration.

Sjá kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.

Sniði skráaheita breytt

3 Ef breyta á sniðinu er smelt á listann yfir þau snið sem hægt er að velja úr.

Listinn er opnaður.



4 Smellið á sniðið sem á að nota.

Þá birtist gluggi sem vekur athygli á að öllum skráaheitum verði breytt til samræmis við sniðið sem var valið.



Ábending

Ef gögn úr minni ökurita og af ökumannskorti (M- og C-skrár) hafa til dæmis verið afrituð af öðru drifi yfir í möppuna „DOWNLOAD“ á Downloadkey eru þau ekki birt sjálfkrafa.

Ekki er hægt að velja eða birta þessar skrár fyrr en snið hefur verið valið, t.d. **Önnur Evrópuríki**.

5 Staðfestið með [Já].

Þá birtist gluggi sem segir til um hvort breytingin hafi tekist eða ekki.

6 Staðfestið með [OK].

Niðurhal ákvarðað

7 Tilgreinið hvaða gögnum á alltaf að hlaða niður

– „Allt minnið“ eða

Ef þetta er valið þarf ekki að gera frekari stillingar: Hægt er að fara beint í *skref 9*.

– „Sem merkt er við af eftirfarandi“ og takmarkið forstillta valið ef þess þarf.

Öllum gagnamengjunum sem hakað er við er hlaðið niður (sjá næsta skref). Afmerktum gagnamengjum er bætt aftur við með því að smella á þau.



Athugið

Notendur skulu fara eftir þeim reglum sem eiga við um safnvistun gagna af ökuritum og ökumannskortum (M- og C-skrár) í sínu landi.

Tímabil stillt

8 Tilgreinið fyrir hvaða tímabil á að hlaða niður gögnum, með því að velja einn eftirfarandi valkosta:

– „Frá síðasta niðurhali“

Sé þessi valkostur valinn kannar Downloadkey hvenær gögnum var síðast hlaðið niður fyrir þetta ökutæki og hleður aðeins niður þeim gögnum sem stafræni ökuritinn hefur vistað síðan.



Athugið

Hafi gögn úr stafræna ökuritanum ekki verið vistuð á Downloadkey áður er öllum gögnunum hlaðið niður í fyrsta sinn sem lykillinn er notaður (hám. 365 dagar).

- „Frá“ – „til“
 - > Færið inn tímabilið handvirkt, t.d. frá 18.10.06 til 25.10.06, eða



Athugið

Snið dagsetningarinnar fer eftir tungumálinu sem var valið fyrir notendaviðmótið; sjá *hlutann „Tungumáli breytt“ frá bls. 21.*

- > **Veljið dagsetningarnar með því að smella í innsláttarreitinn og því næst á [Dagatal].**

Þá opnast flipinn með sama nafni.

Dagatalsflipinn

- > **Hægt er að fletta á milli mánaða með örvunum og breyta ártalinu með því að velja ár úr listanum (allt til 2035).**

Þegar dagsetning hefur verið valin í dagatalinu er hún sjálfkrafa merkt (með rauðum lit) og hægt er að samþykkja hana með [OK].

- „Síðustu x dagar“ og færið inn þann fjölda daga sem óskað er, t.d. 14 til að hlaða niður gögnum síðustu tveggja vikna.

Venjulega forstillingin er 50 dagar.

Stillingar samþykktar

- 9 **Vistið stillingarnar á Downloadkey með því að smella á [Samþykkja].**

Stillingarnar eru skrifaðar í XML-skrána fyrir venjulegu stillingarnar; sjá einnig *hlutann „XML-skrár settar upp aftur á Downloadkey“ frá bls. 29.*

- 10 **Ákveðið næstu skref með því að**

- **velja annan flipa í KeyConfiguration eða KeyConfigurator,**



Athugið

Hafi stillingum verið breytt án þess að breytingarnar hafi verið samþykktar birtist staðfestingargluggi. Ef samþykkja á breytingarnar skal staðfesta með [Já]. Annars er hægt að hafna breytingunum með [Nei].

- **skipta yfir í annan forritshluta fyrir TIS-Compact eða**
- **loka KeyConfiguration eða TIS-Compact.**



Athugið

Ef vinna á með annan Downloadkey verður að endurræsa KeyConfiguration eða TIS-Compact. Gætið þess að tengja verður Downloadkey við tölvuna **áður** en hugbúnaðurinn er ræstur.

Tungumáli breytt

Þegar KeyConfiguration eða TIS-Compact er ræst er notendaviðmót forrísins sjálfkrafa stillt á tungumál stýrikerfisins í tölvunni. Ef KeyConfiguration eða TIS-Compact er ekki fánlegt á þessu tungumáli er notendaviðmótið á ensku.

Snið dagsetningar

Sniði dagsetninga til að afmarka tímabil niðurrhals í flípunum **Venjulegar stillingar** og **Ökutækisstillingar** er breytt sjálfkrafa til samræmis við tungumálið.



Athugið

Hægt er að skipta um tungumál hvenær sem er og verður stillingin þá notuð næst þegar KeyConfiguration eða TIS-Compact er ræst.

Tungumáli KeyConfiguration og TIS-Compact er breytt með eftirfarandi hætti:

- 1 **Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration.**
Sjá kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.
- 2 **Smellið á listann „Tungumál“ í flípanum „Venjulegar stillingar“.**
Listinn er opnaður.
- 3 **Smellið á tungumálið sem á að nota.**
Tungumálið breytist strax.

Ökutækisstillingar

Í flípanum **Ökutækisstillingar** í KeyConfiguration er hægt að gera stillingar fyrir niðurrhal með Downloadkey sem eru bundnar við tiltekið ökutæki; sjá einnig kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17.



Skilyrði

Þegar gögn úr stafrænum ökurita hafa verið flutt yfir á Downloadkey er hægt að velja ökutæki úr listunum **Grindarnúmer / VIN** eða **Skráningarnúmer / VRN** í flípanum **Ökutækisstillingar**.



Athugið

Athugið að ef sótt gögn hafa verið afrituð með öðrum hætti getur verið að ökutækið birtist ekki fyrr en eftir að snið hefur verið valið, t.d. **Önnur Evrópuríki**; sjá bls. 18.

Ökutækisstillingum Downloadkey er breytt með eftirfarandi hætti:

- 1 **Tengið Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).**

Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.

- 2 **Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration.**

Sjá kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.

- 3 **Veljið flipann „Ökutækisstillingar“.**

Þá opnast flipinn með sama nafni.

Ökutæki valið

- 4 **Veljið ökutækið sem breyta á niðurhalsstillingum fyrir úr listanum „Grindarnúmer / VIN“ eða „Skráningarnúmer / VRN“.**

Hafi engar niðurhalsstillingar fyrir þetta ökutæki verið vistaðar á Downloadkey birtist staðfestingargluggi. Ef tilgreina á sérstakar stillingar fyrir ökutækið skal staðfesta með [Já].



Ábending

Aðrar stillingar eru gerðar með sama hætti og í venjulegu stillingunum. Upplýsingar um mögulegar stillingar, sjá kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17.

Umsjón með minni

Með þeim möguleikum sem KeyConfiguration býður upp á til að hafa umsjón með minninu hefur notandinn gott aðgengi að niðurhalsskrám á Downloadkey og skýrsluskrá lykilsins.

Yfirlit

Í flípanum **Yfirlit** í KeyConfiguration er hægt að sýna í heilum mánuðum fyrir hvaða daga gögn stafræna ökuritans eða ökutækisins voru vistuð á Downloadkey. Skrár sem hefur verið eytt eða hafa verið færðar til eru skyggðar.

Merking lita í ársyfirliti

Litur	Merking
Grár	Fyrir þennan dag er engin niðurhalsskrá fyrir hendi
Rauðgulur	Fyrir þennan dag er ein niðurhalsskrá fyrir hendi
Blár	Fyrir þennan dag eru fleiri en ein niðurhalsskrá fyrir hendi
Skyggður rauðgulur eða blár	Færslur fyrir niðurhalsskrár sem hefur verið eytt eða hafa verið færðar til

Niðurhalsskrár

Gögn af stafrænum ökuritum eru vistuð í mismunandi skráum á Downloadkey eftir tegund og uppruna. Við hvert niðurhal kunna að vera búnar til allt að þrjár skrár fyrir

- gögn úr minni ökurita (allt minnið eða tiltekin gagnamengi),
- gögn af korti og
- Siemens VDO niðurhal.

Skráaheiti

Yfirlit yfir snið, sjá *kaflann „Snið skráaheita“ frá bls. 44.*

Niðurlagskrár afritaðar, fluttar og eytt

Með því að hægrismella í flipanum **Yfirlit** er hægt að velja að afrita, flytja eða eyða niðurlagskrám.



Athugið


Notendur ættu aðeins að eyða og flytja skrár með **KeyConfiguration > Yfirlit** ef ekki er notaður annar hugbúnaður, t.d. KIPAS 2, til að hafa umsjón með niðurlagskrám á Downloadkey.



Ábending

Þar sem ekki er hægt að útiloka að villur komi upp við flutning og meðferð gagna er mælt með því að afrita möppuna „DOWNLOAD“ af Downloadkey yfir á tölvu með reglulegu millibili.

Þannig er um leið tekið öryggisafrit af XML-skránum sem hafa að geyma skipanir um venjulegar stillingar og ökutækisstillingar, sjá *kaflann „Gert við hugbúnaðinn“ frá bls. 29.*



Unnið er með niðurlagskrár á Downloadkey með eftirfarandi hætti:

1 Tengid Downloadkey við tölvuna og sláid inn lykilorðið (ef þess er krafist).

Sjá *kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7* og *hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.*

2 Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration.

Sjá *kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.*

3 Veljið flipann „Yfirlit“ – með „KeyConfigurator“ í TIS-Compact.

Þá opnast flipinn með sama nafni.

Valið um niðurhal fyrir kort eða ökutæki 4 Í listanum er valið

- ökutæki með „VIN“ (auðkenni ökutækis) eða „VRN“ (skráningarnúmer)
- eða að hlaða niður gögnum af ökumanskorti (niðurhal af korti).

Með skrunstikunni (hægra megin við dagatalið) er hægt að fara upp eða niður í skjánum með þægilegum hætti.

Skrár sýndar 5 **Færið bendilinn á vikudag með gögnum (merktur með bláu eða rauðgulu) sem sýna á skránar fyrir.**

Þá birtist sprettigluggi sem sýnir öll heiti skráa (fyrir gögn úr minni ökurita einnig einstaka gagnamengi).

Hægt er að velja eina af skránum til að vinna með.



Athugið

Valmyndin til að vinna með niðurhalsskrár (sem birtist þegar hægrismellt er) stendur sjálfkrafa til boða fyrir alla litaða vikudaga, að undanskildum færslum sem hefur verið eytt eða hafa verið færðar til og eru því skyggðar.

Unnið með skrár 6 **Ákveðið næstu skref með því að hægrismella á skrána sem vinna á með og velja því næst eitthvað af eftirfarandi:**

- **Veljið „Afrita ...“ ef afrita á skrána yfir á tölvuna eða annan gagnamiðil.**

Ef þetta er valið opnast annar gluggi þar sem hægt er að segja til um hvert á að afrita skrána.

Veljið [OK] til að afrita skrána á staðinn sem var valinn; þá lokast glugginn. Skráin sem var afrituð er áfram geymd á Downloadkey.




Athugið

Í TIS-Compact er hægt að afrita með sama hætti og lýst var hér að ofan auk þess sem hægt er að safnvista skrár sem hlaðið var niður úr minni ökurita eða af ökumanskorti með þægilegum hætti, t.d. með forritshlutunum **Archive**.

Skrá sem er safnvistuð á þennan hátt er einnig geymd áfram á Downloadkey.

Skrár sem hefur verið eytt eða færðar til skygðar



- **Veljið „Eyða ...“ ef eyða á skránni af Downloadkey en EKKI geyma hana á tölvunni eða öðrum gagnamiðli.**

Ef þetta er valið birtist gluggi þar sem beðið er um staðfestingu á því að eyða eigi skránni.

Veljið [Já] ef eyða á skránni af Downloadkey.

Þegar skrá hefur verið eytt er hún ekki lengur fyrir hendi á Downloadkey og er aðeins sýnd skygð í **Ársyfirlit**.



Varúð



Ábending

Ekki er hægt að endurheimta skrána eftir að henni er eytt. Ef notandinn er ekki alveg viss um hvort hann þurfi að nota skrána aftur síðar ætti frekar að afrita skrána eða flytja hana til.

Eftir að skrá fyrir ökutæki var eytt hefur hingað til þurft að hlaða niður öllum gögnum úr minni ökurita, sjá einnig *kafalann* „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17.

Í þessari nýju útgáfu eru skráafærslur hins vegar áfram varðveittar í „stored.xml“ eftir að skrá er eytt og er því aðeins hlaðið niður gögnum úr minni ökurita frá síðustu dagsetningu niðurbals.

Þess vegna er mælt með því að taka reglulega öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“; sjá einnig *kafalann* „Gert við hugbúnaðinn“ frá bls. 29.

- **Veljið „Flytja ...“ ef fjarlægja á skrána af Downloadkey og geyma hana á tölvunni eða öðrum gagnamiðli.**

Þessi valkostur opnar aftur gluggann þar sem sagt er til um hvert skráin á að fara; sjá hér að ofan.

Þegar skrá hefur verið færð er hún ekki lengur fyrir hendi á Downloadkey og er aðeins sýnd skygð í **Ársyfirlit**.



Athugið

Athugið að skrá sem færð er til með þessum hætti er ekki lengur fyrir hendi í TIS-Compact og er því ekki hægt að nota hana við myndræna framsetningu eða safnvistun gagna.

Í slíkum tilvikum verður að afrita skrána aftur yfir í möppuna „DOWNLOAD“ á TIS-Compact Downloadkey og velja snið, t.d. **Önnur Evrópuríki**, til þess að hún komi fram á gagnayfirliti; sjá einnig *kaflann „Venjulegar stillingar“* frá bls. 17.



Ábending

Eftir að skrá fyrir ökutæki var færð til hefur hingað til þurft að hlaða niður öllum gögnum úr minni ökurita.

Í þessari nýju útgáfu eru skráafærslur hins vegar áfram varðveittar í „stored.xml“ eftir að skrár eru færðar til og er því aðeins hlaðið niður gögnum úr minni ökurita frá síðustu dagsetningu niðurhals.

Þess vegna er mælt með því að taka reglulega öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“; sjá einnig *kaflann „Gert við hugbúnaðinn“* frá bls. 29.

7 Ákveðið næstu skref með því að

- velja annan flipa í **KeyConfiguration** eða **KeyConfigurator**,
- skipta yfir í annan forritshluta fyrir **TIS-Compact** eða
- loka **KeyConfiguration** eða **TIS-Compact**.



Athugið

Ef vinna á með annan Downloadkey verður að endurræsa KeyConfiguration eða TIS-Compact. Gætið þess að tengja verður Downloadkey við tölvuna **áður** en hugbúnaðurinn er ræstur.

Skýrsla

Skýrsla Downloadkey (í báðum útfærslum), sem hægt er að birta í skýrsluflípanum, veitir

- nákvæmar upplýsingar um einstaka gagnaflutninga og
- gefur vísendingar um mögulegar villur eða vandamál við niðurhal gagna.

Þegar gögnum er hlaðið niður er hvert skref vistað í tímaröð í skýrsluskránni. Svo skýrsluskráin taki ekki að óþörfu pláss á Downloadkey er einnig hægt að eyða henni.

Unnið er með skýrsluskrá Downloadkey með eftirfarandi hætti:

- 1 **Tengið Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).**
Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.
- 2 **Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration.**
Sjá kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.

Skýrslan birt

- 3 **Veljið flipann „Skýrsla“.**

Skýrsluflipinn birtist með upplýsingum um notkun Downloadkey, og birtast nýjustu færslurnar sjálfkrafa neðst.

Með skrunstikunni (hægra megin við færslurnar) er hægt að fara upp eða niður í skjánum með þægilegum hætti.

Skýrslunni eytt

- 4 **Smellt er á [Eyða] ef eyða á færslunum í skýrsluskránni.**



Athugið

Öllum færslum er eytt úr skýrsluskránni á tengda Downloadkey án undangenginnar staðfestingar.

- 5 **Ákveðið næstu skref með því að**

- velja annan flipa í KeyConfiguration eða KeyConfigurator,
- skipta yfir í annan forritshluta fyrir TIS-Compact eða
- loka KeyConfiguration eða TIS-Compact.



Athugið

Ef vinna á með annan Downloadkey verður að endurræsa KeyConfiguration eða TIS-Compact. Gætið þess að tengja verður Downloadkey við tölvuna **áður** en hugbúnaðurinn er ræstur.



Ábending

Komi ítrekað upp vandamál við gagnaflutninginn er hægt að afrita skýrsluskrána af drifi Downloadkey (skrána „LOG.TXT“ í möppunni „DOWNLOAD“) og senda hana með tölvupósti til þjónustuaðila til að komast að því hvað veldur vandanum.

Gert við hugbúnaðinn

Hægt er að setja KeyConfiguration eða TIS-Compact aftur upp á Downloadkey, til að mynda ef forritsskránum hefur verið eytt í ógáti eða ef Downloadkey hefur verið tekinn úr sambandi við stafræna ökuritann áður en gagnaflutningi var lokið.

Til að setja KeyConfiguration eða TIS-Compact aftur upp á Downloadkey er hægt að nota

- forritið sem er uppsett á tölvunni,
- viðgerðarmöguleikana sem stýrikerfið býður upp á, eða
- skrárnar á geisladiskinum.



Athugið

Áður en átt er við skipan skráa á Downloadkey (báðum útfærslum) ætti alltaf að taka öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“ og vista það á tölvunni – ef þess er kostur – til að koma í veg fyrir að gögn glatist.

Leiðbeiningar um hvernig öryggisafrit af gögnum eru afrituð aftur yfir á Downloadkey og látin koma fram á vallista fyrir ökutæki og ökumannskort er að finna á næstu síðum.

XML-skrár settar upp aftur á Downloadkey

Í möppunni „DOWNLOAD“ eru ekki aðeins vistaðar skrár sem hlaðið hefur verið niður úr minni stafræns ökurita og af ökumannskortum. Í XML-skrám í þessari möppu geyma KeyConfiguration og TIS-Compact auk þess upplýsingar um stillingar (bæði venjulegar og fyrir tiltekin ökutæki) og upplýsingar um skrárnar sem hlaðið hefur verið niður.

XML-skrár

Forritin vista eftirfarandi upplýsingar í eftirfarandi skrá:

- „config.xml“ hefur að geyma fyrirmæli um venjulegar stillingar niðurrhals (gildir fyrir öll ökutæki án sérstakra stillinga),
- „download.xml“ hefur að geyma fyrirmæli um niðurrhal fyrir tiltekið ökutæki í kjölfar ökutækisstillingar
- og skráin „stored.xml“ hefur að geyma upplýsingar um skrár sem hlaðið hefur verið niður og frekari meðhöndlun þeirra með KeyConfiguration eða TIS-Compact.



Athugið

Athugið að þessar XML-skrár eru nauðsynlegar til þess að niðurrhal geti gengið rétt fyrir sig og að hægt sé að stýra aðgengi að niðurrhalsskrá. Af þessum sökum má ekki reyna að vinna með þessar skrár í ritvinnsluforriti.

Ef einhver þessara XML-skráa, t.d. skráin „stored.xml“, er óvart fjarlægð af Downloadkey þegar verið er að afrita eða eyða skráum með Windows Explorer, er hægt að endurheimta XML-skrána með hugbúnaðinum.

XML-skrá er sett upp aftur með eftirfarandi hætti:

- 1 Tengid Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).**
Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.
- 2 Til að koma í veg fyrir að gögn glatist skal afrita möppuna „DOWNLOAD“ – ef þess er kostur – af Downloadkey yfir á tölvuna.**
- 3 Ræsið stillingahugbúnaðinn, t.d. KeyConfiguration, í útgáfunni sem er uppsett á tölvunni.**
Sjá kaflann „Ræst, drif valið og hugbúnaðinum lokað“ frá bls. 12.
- 4 Veljið drif Downloadkey, t.d. „E:\“, og staðfestið með [OK].**
Þá birtist ábending um XML-skrána sem vantar.
- 5 Staðfestið ábendinguna með [Já].**
KeyConfiguration eða TIS-Compact setur viðkomandi XML-skrá aftur upp og vistar hana í möppunni „DOWNLOAD“.
Í flípanum **Skýrsla** er skráð að nýja skráin hafi verið sett upp.

XML-skrá sett upp aftur



Athugið

Óháð því hvaða XML-skrá varð að setja upp aftur býr forritið alltaf **aðeins til grunnútgáfu** af viðkomandi skrá. Það þýðir að færa verður inn viðkomandi stillingar (venjulegar og fyrir ökutæki) að nýju og byggja verður upplýsingar um niðurhalsskrár upp aftur.



Ábending

Ef öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“ hefur verið vistað reglulega á tölvunni er einnig hægt að nota Windows Explorer til að afrita XML-skrána í þessa möppu á Downloadkey eða skrifa ofan í nýju skrána.

Mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningunum um næsta skref til að tryggja að upplýsingarnar í XML-skránni séu ekki orðnar of gamlar.

Upplýsingar byggðar upp aftur

6 Farið yfir upplýsingarnar í XML-skránum sem búnar voru til og byggjið þær upp aftur, ef þess þarf, með því að gera eftirfarandi:

- Fyrir skrána „stored.xml“ skal velja aftur fyrra snið fyrir skráaheiti í flípanum „Venjulegar stillingar“ undir yfirskriftinni „Tungumálsstillingar“, t.d. „Önnur Evrópuríki“ fyrir niðurhallskrár með endinguna „*.DDD“.

Þegar snið er valið birtist ábending um breytingu á heitum niðurhallskráa sem staðfesta skal með því að velja [Já].

KeyConfiguration eða TIS-Compact fer þá yfir innihald niðurhalsmöppunnar (þáttun) og uppfærir upplýsingarnar í XML-skránni (framvindustika).

Staðfestið ábendingarnar sem á eftir koma með [OK].

Þegar upplýsingarnar hafa verið uppfærðar er aftur hægt að velja um öll ökutæki og niðurhal af öikumanskortum ef samsvarandi M- eða C-skrár er að finna í möppunni „DOWNLOAD“.



Ábending

Ef gögn úr minni ökurita og af öikumanskorti (M- og C-skrár) hafa til dæmis verið afrituð af öðru drifi yfir í möppuna „DOWNLOAD“ á Downloadkey eru þau ekki birt sjálfkrafa.

Ekki er hægt að velja eða birta þessar skrár fyrr en snið hefur verið valið, t.d. **Önnur Evrópuríki**; sjá einnig *kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17*.

- Fyrir skrána „download.xml“ skal tilgreina hvernig niðurhal gagna af stafrænum ökurita skal fara fram í flípanum „Venjulegar stillingar“ undir „Gagnamengi“ og „Tímabil“.

Með þessu móti er ákvarðað hvaða gögnum er hlaðið niður af stafrænum ökurita ef engar stillingar fyrir tiltekið ökutæki eru á Downloadkey.

Upplýsingar um hvaða stillingar er hægt að velja og hvaða afleiðingar þær hafa, sjá *kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17*.

Vistið fyrirmælin fyrir venjulegar stillingar með [Samþykki] og staðfestið ábendinguna sem þá birtist með [OK].



Athugið

Hafi gögn úr stafrænum ökurita ekki verið vistuð á Downloadkey áður er öllum gögnunum hlaðið niður í fyrsta sinn sem lykillinn er notaður (hám. 365 dagar).



Ábending

Ef tekið hefur verið öryggisafrit af niðurhalsmöppunni reglulega og nýleg „download.xml“-skrá er því fyrir hendi er hægt að afrita hana yfir í möppuna „DOWNLOAD“ á Downloadkey með Windows Explorer og skrifa þannig ofan í nýju skrána sem búin var til.

Þegar þessi aðferð er notuð þarf hins vegar einnig að yfirfara stillingarnar.

- Fyrir skrána „config.xml“ skal opna flipann „Ökutækisstillingar“,
 - > velja ökutæki og
 - > tilgreina stillingar fyrir það undir „Gagnamengi“ og „Tímabil“.

Ef ný skrá hefur verið búin til eru engar niðurhalsstillingar vistaðar fyrir viðkomandi ökutæki og birtist því staðfestingargluggi.

Ef tilgreina á sérstakar stillingar fyrir ökutækið skal staðfesta með [Já].

Upplýsingar um hvaða stillingar er hægt að velja og hvaða afleiðingar þær hafa, sjá *kaflann „Ökutækisstillingar“ frá bls. 21.*

Vistið stillingarnar fyrir viðkomandi ökutæki með [Samþykkja] og staðfestið ábendinguna sem þá birtist með [OK].



Athugið

Athugið að eftir að ný „config.xml“-skrá er búin til er aðeins hægt að tilgreina sérstakar stillingar fyrir þau ökutæki sem til er samsvarandi M-skrá í möppunni „DOWNLOAD“ fyrir og birtast þar af leiðandi í vallistanum.

Ekki er hægt að tilgreina frekari stillingar fyrir tiltekið ökutæki fyrr en eftir næsta niðurhal á samsvarandi M-skrá.



Ábending

Ef tekið hefur verið öryggisafrit af niðurhalsmöppunni reglulega og nýleg „config.xml“-skrá er því fyrir hendi er hægt að afrita hana yfir í möppuna „DOWNLOAD“ á Downloadkey með Windows Explorer og skrifa þannig ofan í nýju skrána sem búin var til.

Þegar þessi aðferð er notuð þarf hins vegar einnig að fara yfir allar ökutækisstillingar og taka öryggisafrit af breyttu XML-skránni.

7 Ákveðið næstu skref með því að

- velja annan flipa í **KeyConfiguration** eða **KeyConfigurator**,
- skipta yfir í annan forritshluta fyrir **TIS-Compact** eða
- loka **KeyConfiguration** eða **TIS-Compact**.

Skráakerfið á Downloadkey lagfært

Ef Downloadkey (báðar útfærslur) er tekinn úr sambandi við stafræna ökuritann of snemma getur skráakerfið á lyklinum skemmt. Þessar skemmdir geta til dæmis komið þannig fram að villuboð birtast þegar nota á einstaka skrár á Downloadkey.

Skráakerfið á Downloadkey er lagfært með eftirfarandi hætti:

- 1 Tengid Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).**
Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.
- 2 Til að koma í veg fyrir að gögn glatist skal afrita möppuna „DOWNLOAD“ – ef þess er kostur – af Downloadkey yfir á tölvuna.**
- 3 Hægrismellið á drif Downloadkey í Windows Explorer, t.d. „E:\“, og veljið „Properties“.**
Þá opnast gluggi með upplýsingum um drifið.
- 4 Farið yfir í flipann „Tools“ og smellið á [Check Now...].**
Þá opnast gluggi þar sem valið er hvernig prófunin skal fara fram.
- 5 Hakið í báða reitina til að gera alhliða prófun á Downloadkey og smellið á [Start].**
Þá hefst prófunin á Downloadkey þar sem villur í skráakerfi og geirum eru lagfærðar að eins miklu leyti og hægt er.
Framvindustika sýnir hvernig prófuninni miðar áfram og þegar henni lýkur birtist gluggi með tilkynningu um að prófuninni sé lokið.
- 6 Veljið [OK] til staðfestingar.**
Glugginn lokast.
- 7 Ræsið hugbúnaðinn sem er uppsettur á tölvunni, með því að velja**
 - „Start > All Programs > KeyConfiguration“ fyrir KeyConfiguration og
 - „Start > All Programs > TIS-Compact “ fyrir TIS-Compact.KeyConfiguration eða TIS-Compact opnast þá í vafranum.
- 8 Veljið drif Downloadkey, t.d. „E:\“, ef þess þarf og staðfestið með [OK].**
 - Þegar KeyConfiguration hefur verið ræst birtist flipinn **Venjulegar stillingar**.
 - Þegar TIS-Compact hefur verið ræst birtist flipinn **Yfirlit** í forritshlutanum **KeyViewer**.
- 9 Athugið viðkomandi forritshluta og tryggið að hægt sé að velja allar niðurhalsskrár, til dæmis með því að uppfæra skrána „stored.xml“.**
Sjá hlutann „XML-skrár settar upp aftur á Downloadkey“ frá bls. 29.

10 Ákveðið næstu skref með því að

- halda áfram að vinna með Downloadkey, t.d. með stýrðri afritun eða safnvistun gagna úr minni ökurita,
- loka KeyConfiguration eða TIS-Compact eða
- fylgja eftirfarandi leiðbeiningum ef ekki tókst að lagfæra skráakerfið.

Forritsmynd hlaðið inn á Downloadkey

Hægt er að nota þessa leið til að lagfæra Downloadkey (báðar útfærslur) þegar

- hluta forritsskráanna á Downloadkey hefur verið eytt í ógáti, eða
- ekki fæst aðgangur að skráakerfinu þrátt fyrir að lykilorð hafi verið slegið inn eða reynt hafi verið að lagfæra skráakerfið.



Varúð

Athugið að þegar gagnamiðill er forsníðinn eyðast öll gögn á honum.

Af þessum sökum skal taka öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“ – ef þess er kostur – og vista það á tölvunni til þess að geta afritað niðurhalsskrár og XML-skrár aftur yfir í möppuna „DOWNLOAD“ eftir að forritsmyndinni (e. image) hefur verið hlaðið inn.



Athugið

Hafið einnig í huga að eftir að forritsmyndinni hefur verið hlaðið á Downloadkey eru **aðeins grunnútgáfur** XML-skráanna fyrir hendi.

Það þýðir að færa verður inn viðkomandi stillingar (venjulegar og fyrir ökutæki) að nýju og byggja verður upplýsingar um niðurhalsskrár upp aftur.



Ábending

Ef öryggisafrit af möppunni „DOWNLOAD“ hefur verið vistað reglulega á tölvunni er einnig hægt að nota Windows Explorer til að afrita XML-skrárnar í þessa möppu á Downloadkey eða skrifa ofan í nýju skrána.

Með eftirfarandi hætti er Downloadkey forsníðinn og myndinni af hugbúnaðinum hlaðið inn:

1 **Tengið Downloadkey við tölvuna og sláið inn lykilorðið (ef þess er krafist).**

Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7 og hlutann „Lykilorð slegið inn“ frá bls. 40.

2 **Afritið möppuna „DOWNLOAD“ – ef þess er kostur – af Downloadkey yfir á tölvuna.**

Downloadkey forsníðinn

3 **Hægrismellið á drif Downloadkey í Windows Explorer, t.d. „E:\“, og veljið „Format...“.**

Þá opnast gluggi til að forsníða drif.

4 Athugið upplýsingarnar um drifið (geymslurými, skráakerfið o.s.frv.) og smellið á [Start].

Þá birtist staðfestingargluggi þar sem velja skal [OK].

Framvindustika sýnir hvernig ferlinu miðar áfram og þegar henni lýkur birtist gluggi með tilkynningu um að ferlinu sé lokið.

5 Staðfestið tilkynninguna um að lokið hafi verið við að forsníða drifið með [OK] og lokið glugganum.

Glugginn lokast.

Mynd hlaðið inn

6 Merkið við möppuna „IMAGE“ í Windows Explorer

- annað hvort í möppunni „C:\Program Files\KeyConfiguration\“ eða
- í möppunni „C:\Program Files\TIS-Compact“.

Innihald möppunnar er sýnt í skráayfirlitinu.



Athugið

Ef notaðar eru báðar útfærslur Downloadkey þarf að gæta þess að velja rétta mynd, þar sem ekki er hægt að nota TIS-Compact á Downloadkey sem KeyConfiguration hefur áður verið notað á.

7 Merkið möppurnar og skránar fyrir myndina og afritið þær yfir á Downloadkey, t.d. með því að hægrismella og velja „Copy“ og „Paste“.

Á Downloadkey eru nú aftur allar þær möppur og skrár sem hann þarf á að halda, einnig KeyConfiguration eða TIS-Compact.



Athugið

Gætið að því að grunnstillingin sé aftur á Downloadkey eftir enduruppsetninguna; sjá *hlutann „XML-skrár settar upp aftur á Downloadkey“ frá bls. 29.*

Forritið ræst

8 Ræsið hugbúnaðinn á Downloadkey með því að tvísmella á skrána „start.html“.

KeyConfiguration eða TIS-Compact opnast þá í vafranum.

9 Kannið virkni forritsins, t.d. með því að breyta stillingunum í flípanum „Venjulegar stillingar“.

10 Ef öryggisafrit hefur verið tekið af möppunni „DOWNLOAD“ skal afrita skránar sem þar er að finna yfir í möppuna með sama nafni á Downloadkey og fara yfir upplýsingar og stillingar.

Sjá einnig *hlutann „XML-skrár settar upp aftur á Downloadkey“ frá bls. 29.*

11 Ákveðið næstu skref með því að

- halda áfram að vinna með Downloadkey, t.d. með stýrðri afritun eða safnvistun gagna úr minni ökurita, eða
- loka KeyConfiguration eða TIS-Compact.

Annar hugbúnaður

Á geisladiskinum sem fylgir með Downloadkey og TIS-Compact Downloadkey er að finna viðkomandi forritsskrár, myndarskrár og hjálparskrár, en einnig möppuna „Tools“ þar sem hægt er að setja upp eftirfarandi hugbúnað:

- Acrobat/Adobe® Reader® til að lesa notkunarleiðbeiningarnar fyrir Downloadkey,
- Java-umhverfið ef gera þarf lagfæringar á umhverfinu sem er sett upp sjálfkrafa um leið og hugbúnaðurinn (sjá *kaflann „Skilyrði fyrir notkun“ á bls. 3*) og
- lykilorðatólið til að verja Downloadkey gegn óviðkomandi aðgangi.

Uppsetning á hugbúnaði



Skilyrði

Til þess að geta sett upp hugbúnað verður notandinn að hafa kerfisstjóraréttindi eða leyfi til að setja upp hugbúnað á tölvunni.

Hugbúnaðurinn er settur upp með eftirfarandi hætti:

- 1 Til öryggis skal loka öllum öðrum forritum sem eru opin til að koma í veg fyrir villur við uppsetninguna.**

Þetta á sérstaklega við um virk vírusvarnarforrit, en þar sem þau verða undir eins vör við breytingar á skránum getur komið til árekstra.

- 2 Setjið geisladiskinn sem fylgir með Downloadkey í geisladrifið og haldið Shift-takkanum inni í augnablik.**

Þannig er komið í veg fyrir að upphafssíða geisladisksins sé opnuð sjálfkrafa með Autorun þegar geisladrifinu er lokað.

Ef upphafssíðan opnast þrátt fyrir þetta skal loka henni aftur með því að smella á [X] í efra horninu hægra megin.

- 3 Opnið Windows Explorer og tvísmellið á geisladrifið, t.d. „D:“.**

Þar er möppuna „Tools“ annað hvort að finna undir „D:\Downloadkey (nr.)\Tools“ eða „D:\TIS-Compact (nr.)\Tools“.

Hugbúnaður settur upp

- 4 Merkið möppu forritsins sem á að setja upp, t.d. „D:\Downloadkey (nr.)\Tools\Password, og setjið uppsetninguna í gang með því að tvísmella á uppsetningarskrána, t.d. „Password.exe“.**

Viðkomandi uppsetningarforrit er þá ræst.



Athugið

Athugið að þó svo að lykilorðatólið sé sett upp sjálfkrafa um leið og KeyConfiguration og TIS-Compact er það ekki ræst sjálfkrafa um leið og þessi hugbúnaður (ekki virkjað sem bakgrunnsforrit); sjá einnig *kaflann „Uppsetning á KeyConfiguration og TIS-Compact“ frá bls. 9.*

Þess vegna skal aðeins setja lykilorðatólið upp sérstaklega ef það er ekki til staðar eftir uppsetninguna á KeyConfiguration eða TIS-Compact.

5 Farið eftir uppsetningarleiðbeiningunum sem birtast á skjánum til að setja forritið upp með réttum hætti.

Nýjum atriðum er bætt við í ræsivalmynd stýrikerfisins.

- Fyrir Acrobat® Reader® er þetta atriðið **All Programs > Acrobat Reader (útg.)** sem hægt er að ræsa forritið með til að lesa PDF-skrána með notkunarleiddbeiningunum.
- Fyrir lykilorðatólið er þetta atriðið **All Programs > KeyConfiguration eða TIS-Compact > Password** sem hægt er að nota til að ræsa lykilorðatólið og virkja það sem bakgrunnsforrit (tákn í skilaboðasvæðinu á verkstikunni).

Uppsett Java-umhverfi kemur fram sem atriði undir [Start] > **Control Panel** þar sem hægt er að breyta grunnstillingum Java-umhverfisins eftir þörfum.

6 Gangið úr skugga um að uppsetningin á Acrobat® Reader® eða lykilorðatólinu hafi farið rétt fram með því að ræsa forritið með ofangreindum hætti.

Sjá *kaflann „Lykilorðatólið“ frá bls. 38* eða *kaflann „Acrobat/Adobe Reader“ frá bls. 41.*

Lykilorðatólið

Með lykilorðatólinu er hægt að verja niðurhalsskránnar á Downloadkey (báðum útfærslum) fyrir óviðkomandi aðgangi. Eftir að það er gert þarf hins vegar að slá inn lykilorð í hvert skipti sem nálgast á gögn á Downloadkey.



Athugið

Hafa skal eftirfarandi í huga:

- Ef gögnin á Downloadkey eru varin með lykilorði er ekki hægt að nálgast þau með Windows Explorer.

Af þessum sökum skal skrifa lykilorðið hjá sér og geyma það á öruggum stað.

- Eftir að lykilorðatólið er sett upp er hægt að ræsa það hvenær sem er, en það er ekki ræst sjálfkrafa sem bakgrunnsforrit.

Til þess að hægt sé að nálgast gögn á Downloadkey sem varinn er með þessum hætti þarf því fyrst að ræsa lykilorðatólið og slá inn lykilorðið.

Þegar smellt er á lykilinn í Windows Explorer er gefið til kynna að hann sé varinn með lykilorði með tilkynningu þar sem beðið er um að setja gildan gagnamiðil í drifið.



Ábending

Ef allir Downloadkey-lyklar notanda eru varðir með lykilorði og eru notaðir reglulega er hægt að einfalda innslátt lykilorðsins dálítið.

Afritið skrána „Password.exe“ yfir í möppuna „Startup“. Þessa skrá er til dæmis að finna á slóðinni „C:\Documents and Settings\Notandanafn\Start Menu\Programs\Startup“.

Eftir að þetta er gert verður lykilorðatólið ræst sjálfkrafa í hvert sinn sem tölvun er ræst, virkjað sem bakgrunnsforrit og birtist sem tákn í skilaboðasvæðinu á verkstikunni.



Í hvert sinn sem Downloadkey sem varinn er með lykilorði er tengdur við tölvuna opnast þá sjálfkrafa gluggi þar sem lykilorðið er slegið inn.

Lykilorð valið

Með eftirfarandi hætti er lykilorði úthlutað með lykilorðatólinu:

- 1 Tengir þann Downloadkey sem verja á með lykilorði við tölvuna eftir að hún er ræst.

Sjá kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7.

Forritið ræst


- 2 Ræsið lykilorðatólið
 - með því að smella annað hvort á
 - > „[Start] > All Programs > KeyConfiguration“ og færsluna „Password“ fyrir KeyConfiguration
 - > og „[Start] > All Programs“ og á færsluna „Password“ fyrir TIS-Compact,
 - eða – ef forritið hefur þegar verið ræst í bakgrunni – með því að tvísmella á táknið í skilaboðasvæðinu á verkstikunni.

Lykilorðatólið er opnað.

Lykilorð valið

- 3 Smellið á [Set password].

Þá opnast gluggi þar sem slá skal lykilorðið inn og staðfesta það.



Athugið

Athugið að til þess að geta breytt lykilorði verður fyrst að tengja Downloadkey og slá gildandi lykilorð inn; sjá einnig *hlutann „Lykilorð slegið inn“* á bls. 40.



Ábending

Ef nota á Downloadkey síðar án þess að þurfa að slá inn lykilorð skal skilja báða reitina eftir auða.

- 4 Staðfestið með [OK].

Nýja lykilorðið er skrifað á Downloadkey og eftir það verður ekki hægt að skoða eða vinna með gögnin á lyklinum nema að lykilorðið sé slegið inn fyrst.

- 5 Lokið lykilorðatólinu með því að

- smella á táknið [X] uppi í hægra horni gluggans
Innsláttarglugganum er lokað en lykilorðatólið er áfram virkt í bakgrunni.
- eða með því að smella á [Close] og staðfesta með [OK].
Lykilorðatólinu verður þá einnig lokað sem bakgrunnsforriti.

Lykilorð slegið inn

Opnað er fyrir aðgang að vörðum Downloadkey með eftirfarandi hætti:

1 Tengir Downloadkey við tölvuna eftir að hún er ræst.

Sjá *kaflann „Tenging við tölvu“ frá bls. 7.*

Prennt kemur til greina:

- Downloadkey hefur enn ekki verið varinn með lykilorði og er aðgangur að gögnunum á lyklinum því ekki takmarkaður.

Upplýsingar um hvernig hægt er að verja þennan Downloadkey með lykilorði, sjá *hlutann „Lykilorð valið“ frá bls. 39.*


- Downloadkey er varinn með lykilorði (lokað er fyrir aðgang að gögnum) en lykilorðatólið er enn ekki virkt sem bakgrunnsforrit.

Til þess að geta unnið með gögnin á Downloadkey verður að ræsa lykilorðatólið (sjá *kaflann „Lykilorðatólið“ frá bls. 38).*

Þá opnast gluggi þar sem slá skal lykilorðið inn og staðfesta það.

- Downloadkey er varinn með lykilorði og lykilorðatólið er virkt sem bakgrunnsforrit (tákn í upplýsingasvæði verkstikunnar).

(Innsláttarglugginn fyrir lykilorðið opnast sjálfkrafa þegar Downloadkey er stungið í samband.



Lykilorð slegið inn

2 Sláið lykilorðið inn og staðfestið með [OK].

Innsláttarglugganum er lokað.



Athugið

Ef lykilorðið er ekki slegið rétt inn birtist tilkynning þess efnis sem skal staðfesta með [OK].

Sláið lykilorðið svo aftur inn.

Lykilorðið endurstíllt

Ef lykilorðið gleymist er hægt að leita aðstoðar hjá þjónustuaðila, en af öryggisástæðum kostar það einhverja fyrirhöfn að leysa úr vanda af þessu tagi.

Acrobat/Adobe Reader

Með þessum hugbúnaði geta notendur lesið notkunarleiddbeiningarnar á sínu tungumáli.



Ábending

Ef Acrobat/Adobe® Reader® hefur þegar verið settur upp á tölvunni þarf ekki að setja hann upp aftur.

Athugið hvort hugbúnaðurinn hafi verið settur upp á tölvunni, t.d. í „All Programs > Acrobat Reader (útg.)“.

Frekari upplýsingar um uppsetningu á þessum hugbúnaði, sjá *kaflann* „Uppsetning á hugbúnaði“ frá bls. 36.

Með eftirfarandi hætti er hugbúnaðurinn notaður til að opna notkunarleiddbeiningarnar:

Forritið ræst

1 Ræsið Acrobat Reader

- með því að smella annað hvort á
 - > „[Start] > All Programs > KeyConfiguration“ og færsluna „Help“ fyrir KeyConfiguration
 - > og „[Start] > All Programs“ og á færsluna „Help“ eða „Booklet“ fyrir TIS-Compact,
- eða með því að setja meðfylgjandi geisladisk í geisladrifið, velja myndtáknid „Help“ á upphafssíðunni og smella svo á viðkomandi fána.
Ef upphafssíðan opnast ekki sjálfkrafa er hægt að opna hana með því að fara í geisladrifsstöppuna í Windows Explorer og smella á skrána „setup.exe“ .

PDF-skjalið með notkunarleiddbeiningunum opnast þá í Acrobat/Adobe® Reader®.

2 Lokið forritinu með því að

- smella á táknid [X] uppi í hægra horni gluggans
- eða með því að fara í valmyndina „File“ og velja skipunina „Close“.

Acrobat/Adobe® Reader® er þá lokað.

Hugbúnaðurinn fjarlægður



Athugið

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við um stýrikerfið Windows XP. Á eldri stýrikerfum er ferlið áþekkt. Heiti valmyndaratriða og valhnappa eru þó að hluta til frábrugðin (sjá lýsingar innan sviga).

KeyConfiguration / TIS-Compact er fjarlægður af tölvunni með eftirfarandi hætti:

- 1 **Til öryggis skal loka öllum öðrum forritum sem enn eru opin til að koma í veg fyrir villur þegar hugbúnaðurinn er fjarlægður.**

Þetta á sérstaklega við um virk vírusvarnarforrit, en þar sem þau verða undir eins vör við breytingar á skránum getur komið til árekstra.

- 2 **Smellið á „Control Panel“ (eða „Settings > Control Panel“) í ræsivalmynd stýrikerfisins.**

Þá opnast glugginn með sama nafni.

- 3 **Veljið „Add or Remove Programs“.**

Þá opnast glugginn með sama nafni.

- 4 **Merkið „KeyConfiguration“ eða „TIS-Compact“ í listanum yfir uppsett forrit.**

Upplýsingar um forritið og valhnapparnir [Change] og [Remove] (eða [Add/Remove]) birtast.

- 5 **Smellið á [Remove].**

Forrit sem aðstoðar við að fjarlægja hugbúnaðinn er ræst án undangenginnar staðfestingar. Allar möppur, skrár og færslur sem tengjast KeyConfiguration eða TIS-Compact eru fjarlægðar af tölvunni.

Að því loknu birtist tilkynning um að hugbúnaðurinn hafi verið fjarlægður af tölvunni.

- 6 **Staðfestið tilkynninguna með [Done].**



Athugið

Athugið að þegar hugbúnaður er fjarlægður eru ekki alltaf allar skráafærslur fjarlægðar af tölvunni. Af þessum sökum skal ganga úr skugga um það í Windows Explorer að allar forrits- og skráafærslur hafi verið fjarlægðar.



Ábending

Þar sem Acrobat/Adobe® Reader® og Java-umhverfið eru ekki bundin við notkunarleyfi er hægt að hafa þau áfram á tölvunni og nota þau fyrir önnur skjöl eða forrit.

Upplýsingar um tækið

Tæknilegar upplýsingar

Geymslurými	16 MB Flash-minni, þar af <ul style="list-style-type: none">• 12 MB fyrir niðurhalskrár (samsvarar því að öllu minninu sé hlaðið niður u.þ.b. 50 sinnum ársfjórðungslega)• 4 MB fyrir KeyConfiguration, báðar stillingaskrárnar og skýrsluskrána
Tengi	<ul style="list-style-type: none">• USB 2.0-tengi, kló (gerð A)• Staðlað 6 pinna tengi fyrir niðurhalstengi stafræna ökuritans, D-laga kló
Stærð	L 114 x B 38 x H 21 mm
Þyngd	40 g

Samræmisýfirlýsing

Siemens VDO Trading GmbH lýsir hér með yfir að Downloadkey eða TIS-Compact Downloadkey sem fjallað er um í fyrirliggjandi notkunarleiðbeiningum sé í samræmi við kröfur og önnur ákvæði í tilskipunum 89/336/EBE og 73/23/EBE.

Viðkomandi samræmisýfirlýsing hefur verið undirrituð. Ef þörf krefur er hægt að óska eftir afriti af frumritinu hjá Siemens VDO Trading GmbH.



Snið skráaheita

Í hvert sinn sem gögnum er hlaðið niður af stafrænum ökurita eru búnar til allt að þrjár skrár, samkvæmt lögum í hverju landi. Skráarheitið veitir upplýsingar um

- dagsetningu og tíma niðurbalsins
- ökutækið eða ökumanninn sem gögnin eiga við um, og
- að hluta til tegund gagnanna.

UTC-tími

Allar tímaupplýsingar sem stafrænn ökuriti vistar eru á UTC-tíma (samræmdum heimstíma á grundvelli tímabeltisins „0“, sem gekk áður undir heitinu GMT-tími). Tímaupplýsingarnar sem koma fram í skráaheitunum eru einnig á UTC-tíma.



Athugið

Heiti og endingar niðurbalskrána eru ákvörðuð af hverju aðildarríki ESB fyrir sig.

Það með hvaða endingu skrárnar eru vistaðar á Downloadkey fer eftir stillingunum sem eru vistaðar á lyklinum og hægt er að breyta í flípanum **Venjulegar stillingar**; sjá einnig *kaflann „Venjulegar stillingar“ frá bls. 17.*

Eftirfarandi yfirlit yfir skráaheiti er samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir þegar þessi handbók var gerð.

Skráaheiti í öðrum Evrópuríkjum

Tegund gagna	Skráarheiti	Lýsing
Gögn í minni ökurita	M_JJJMMTT_SSMM_XXX...X_ZZZ...Z.DDD	
	M_	Stendur fyrir „Mass Memory Data“
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma ökuritans)
	SSMM_	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
	XXX...X	VRN; skráningarnúmer
	ZZZ...Z	VIN; auðkennisnúmer ökutækis
	.DDD	Skráarending „Digital Download Data“
Gögn af ökumanskorti	C_JJJMMTT_SSMM_A_BBB...B_NNN...N.DDD	
	C_	Stendur fyrir „Card Data“
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma ökuritans)
	SSMM_	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
	A_	Fyrsti bókstafur í fornafni ökumanns
	BBB...B_	Eftirnafn ökumanns
	NNN...N	Númer ökumanskorts
.DDD	Skráarending „Digital Download Data“	
Siemens VDO niðurhal	S_JJJMMTT_SSMM_XXX...X_ZZZ...Z.DDD	
	S_	Stendur fyrir „SV Specific Mass Memory Data“
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma ökuritans)
	SSMM_	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
	XXX...X	VRN; skráningarnúmer
	ZZZ...Z	VIN; auðkennisnúmer ökutækis
	.DDD	Skráarending „Digital Download Data“

Skráaheiti í Frakklandi

Tegund gagna	Skráarheiti	Lýsing
Gögn í minni ökurita	CCRRRRRRRRRRRRRRJJMMTTSSMM.V1B	
	CCC	Auðkenni lands í þremur bókstöfum; t.d. „F__“
	RRRRRRRRRRRRRR	VRN; skráningarnúmer
	JJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
	.V1B	Skráarending „Véhicule (ökutæki) Appendix 1 B“
Gögn af ökumanskorti	CCNNNNNNNNNNNNJJMMTTSSMM.C1B	
	CCC	Auðkenni lands í þremur bókstöfum; t.d. „F__“
	NNNNNNNNNNNNNN	Númer ökumanskorts (fyrstu 14 tölur)
	JJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
	.C1B	Skráarending „Carte (kort) Appendix 1 B“
Siemens VDO niðurhal	S_CCCRRRRRRRRRRRRJJMMTTSSMM.A1B	
	S_	Stendur fyrir „SV Specific Mass Memory Data“
	CCC	Auðkenni lands í þremur bókstöfum; t.d. „F__“
	RRRRRRRRRRRRRR	VRN; skráningarnúmer
	JJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT	Dagur (dagsetning þá stundina skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
.A1B	Skráarending „Appendix 1 B“	

Skráaheiti á Spáni

Tegund gagna	Skráarheiti	Lýsing
Gögn í minni ökurita	V_NNN...N_CCC_JJJMMTT_SSMM.TGD	
	V_	Stendur fyrir „Vehicle Unit“
	NNN...N_	VRN; skráningarnúmer
	CCC_	Auðkenni lands í þremur bókstöfum
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT_	Dagur (niðurhal, dagur skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
.TGD	Skráarending	
Gögn af öikumanskorti	C_MMM...M_CCC_JJJMMTT_SSMM.TGD	
	C_	Stendur fyrir „Card Data“
	MMM...M_	Númer öikumanskorts (16 tölur)
	CCC_	Auðkenni lands í þremur bókstöfum
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT_	Dagur (niðurhal, dagur skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
.TGD	Skráarending	
Siemens VDO niðurhal	S_NNN...N_CCC_JJJMMTT_SSMM.TGD	
	S_	Stendur fyrir „SV Specific Mass Memory Data“
	NNN...N_	VRN; skráningarnúmer
	CCC_	Auðkenni lands í þremur bókstöfum
	JJJJ	Ár
	MM	Mánuður
	TT_	Dagur (niðurhal, dagur skv. UTC-tíma)
	SSMM	Klukkustundir, mínútur (UTC-tími stafræna ökuritans)
.TGD	Skráarending	